



# Skíðaping 2022

haldið í Reykjavík 18.-19. nóvember

## ÞINGSKJAL nr. 9

### Tillaga að breytingum á reglugerðum um bikarkeppni SKÍ á snjóbrettum - Útreikningur á bikarstigum

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

#### Var:

##### 5.grein

Reikna skal saman stigafjölda hvers félags fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. Hvert félag safnar stigum undir skráðu nafni. Veita skal stigahæsta félaginu í eftirtöldum flokkum verðlaun:

- U13 og eldri (bæði kyn saman) – Skal það félag kallast Bikarmeistari SKÍ það árið.

#### Verður:

##### 5.grein

Reikna skal saman stigafjölda **þriggja bestu** hvers félags fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. ~~Hvert félag safnar stigum undir skráðu nafni.~~ Veita skal stigahæsta félaginu í eftirtöldum flokkum verðlaun:

- U13 og eldri (bæði kyn saman) – ~~Skal það félag kallast Bikarmeistari SKÍ það árið.~~

#### Rökstuðningur.

Breyta félagakeppninni og koma með nýja nálgun. Undanfarin ár hefur þetta verið keppni á milli tveggja til þriggja félaga og yfirleitt lítil spenna. Að sama skapi hafa litlu félögin aldrei átt möguleika. Sumir hafa sameinast innan héraðs eins og allir vita og skiptar skoðanir um þetta. Við teljum að með þessari leið geta öll félög átt raunhæfan séns á að vinna stigakeppni félaga. Undanfarin ár hefur borið lítið á þessari félagakeppni og vill SKÍ gera betur þar.

Dæmi: Þrír bestu í flokki U13 ára og eldri myndi reiknast:

- Þrír bestu í U13 kk + þrír bestu í U13 kvk + þrír bestu í fullorðins kk + þrír bestu í fullorðins kvk

Vísað til:  Alpagreinaneftndar  Skíðagöngunefndar  Snjóbrettanefnd  Allsherjarnefnd

Afgreiðsla:

Samþykkt  Felld